

Fulltrúaráðsfundur 29. apríl 2009
kl.19.30
í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti 16. apríl sl. Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema spanieldeild, unglingsdeild og terrierdeild.

1. Hert innflutningseftirlit með hundum s.s. strangari kröfur um skapgerðarmat. Fulltrúi frá Matvælastofnun/ MAST mættu á fundinn.

Björn Steinbjörnsson og Þorvaldur H. Þórðarson starfsmenn Mast kynntu nýtt skapgerðamat sem stofnunin ætlar að nota vegna innflutnings á ákveðnum hundategundum. Björn segir ástæðuna fyrir að skapgerðarmatinu vera að hingað hafa verið fluttir inn hundar sem hafa verið slæmir í skapi. Mast ákvað að nota skapgerðarmat í stað þess að banna innflutning á viðkomandi hundakynjum. Björn segir að það þurfi að tryggja að hundar sem fluttir eru inn til landsins séu ekki hættulegir í umhverfinu bæði mönnum og öðrum dýrum. Hann ítrekaði aftur að það sé nauðsynlegt að tryggja að hundar sem eru innfluttir séu ekki hættulegir eigendum sínum, öðru fólki né dýrum og þess vegna var ákveðið að velja þetta skapgerðarmat. Mast telur að skapgerðarmatið fullnægi þessum þremur atriðum sem hann tiltók. Matið er unnið upp úr hollensku mati og þegar bull terrier drap barn fyrir nokkrum árum var sett á laggirnar nefnd til að vinna skapgerðarmat fyrir hunda í Þýskalandi. Efir að búið var að fara yfir málið var Mast sammála um að viðkomandi skapgerðarmat hentaði Íslandi vel, svokallað Vesens test eða Character test. Skapgerðarmat á ekki við alla hunda en Mast vill að eftirtaldir tegundir fari í skapgerðarmat: rottweiler, mastífhundur, schäfer og dobermann. Aðrir hundar falla ekki undir matið og Mast telur að með þessu sé verið að flytja inn hunda með gott geðslag. Þetta er leið sem allir geta sætt sig við.

Spurningar félagsmanna:

- Er þetta próf þekkt hjá t.d. dýralæknum.

Svar: Björn segir að þetta sé vel þekkt skapgerðarmat. Þetta heitir Vesens test.

- Hvað gerir Mast eftir að niðurstöður liggja fyrir?

Svar: Mast hafnar mötum ef viðkomandi aðili hefur ekki leyfi til að taka prófið/matið á hundinum..

Mast fer eftir nákvæmum leiðbeiningum til að fara yfir niðurstöður skapgerðamatsins. Hundarnir þurfa að fá ákv. fjölda stiga og með þeim fylgir vídeómynd. Mast gefur ekki upp hvernig unnið er úr niðurstöðunum. Björn segir að um sé að ræða hundategundir sem hafa verið til vandræða bæði hérlendis og erlendis. Það er hægt að framkvæma þetta mat hvar sem er þó að það sé uppfært úr öðru mati. Mast gefur ekki leyfi fyrir innflutningi á hundi fyrir en búið að sækja um mat á hundinum. Hvaða dýralæknir getur tekið prófið eins og varðandi útfyllingu á bólusetningapappírnum en þeir þurfa að hafa kunnáttu til að framkvæma prófið.

- Félagsmaður segir: Finnst þetta vera frekar eiganda vandamál frekar en geðslag hundsins.

Svar: Björn segir að ítarlegur listi fylgi umsókninni þannig að það er líka nýjung. Þar er hægt að skoða hvort viðkomandi tegund henti þeim sem er að flytja hundana inn. Er skoðaður bakgrunnur hundanna t.d. hvaða próf þeir hafa farið í osfrv.

- Hvað með innflutt sæði?

Svar: Farið verður fram á að sæðisgjafi fari í gegnum skapgerðarmatið.

- Hvers vegna 15 mánaða?

Svar: Menn sem gerðu þetta próf/mat telja að á þessum aldri sé heppilegast að prófa hundana m.t.t. skapgerðar. Mast mun leita aðstoðar sérfræðinga ef með þarf.

- Hvað með hund sem fer frá Íslandi t.d. schäfer og kemur aftur til baka eftir 4 ár?

Svar: Björn segist ekki geta svarað því í dag. Björn ítrekar að þeir hafi leyft innflutning á hundum sem hafa gert mikinn skaða og til að tryggja hagsmunum annarra verði þeir nú að fara í skapgerðarmat.

Félagsmenn töluðu mikið um að erfitt sé að kaupa hunda sem þurfa að vera svo lengi í landinu áður en þeir eru fluttir inn. Aðrir töldu þetta vera jákvætt því margir ræktendur vilja ekki flytja út hunda sem ekki eru nægilega góðir. Björn sagðist ekkert vita um það vandamál.

- Er til skrár yfir hunda sem hafa valdið skaða?

Svar: Nei en Mast hefur fengið upplýsingar í gegnum dýralækna og eigendur hunda sem valdið hafa skaða. Björn segir að vitum öll um slysin sem þessar hundategundir hafa valdið bæði öðrum hundum og mannfólki. Við erum að reyna að birgja brunninn áður en barnið dettur ofan í!

Til eru listar í öllum löndum um hvaða hundategundir eru til vandræða. Björn segir að sem betur fer er ekki til slíkur listi enn á Íslandi og þess vegna er verið að taka upp þetta mat.

- Hvaða takmarkanir hafa verið?

Svar: Björn segir að Mast hafi nú þegar takmarkað innflutning á dog de bordeaux. Tilsłakanir eru nú varðandi þá hundategund með því að láta þá fara í gegnum skapgerðarmatið og innflutningur ekki bannaður.

Verður þá styttri einangrun fyrir þessa hunda?

Svar: Ekki í bíggerð að stytta tímann í einangrun.

Þorvaldur H. Þórðarson frá Mast sagði að það væri ánægjulegt að koma á fundinn til að fjalla um þetta mál. Hann segir að stundum er hegðun hunda eiganda vandamál og vitnaði í málsháttinn: *Veldur hver þá heldur.*

Þegar Mast byrja á að nota skapgerðarmatið mun það birtast á vefsíðu Mast, mast.is. Varðandi dýralækna erlendis er fólki bent á að hafa samband við samtök dýralækna í hverju landi til að fá upplýsingar um hvaða dýralæknar gera slíkt mat.

Þorvaldur segir að ástæðan fyrir að hundarnir þurfi að vera 15 mánaða gamlir tengist því að um er að ræða lífveru sem þroskast og óraunhæft að meta hunda yngri. Þorvaldur sagðist ekki sjá aðra leið til að framkvæmda matið.

Varðandi innflutning á sæði þá er enn mikil umræða í gangi hjá Mast því þar er visst ósamræmi og ekki er enn búið að ákveða hvernig það verður framkvæmt. Þorvaldur segir að vissulega er það erfðaeftni en það verður tekið til gaumgæfilegrar skoðunar.

Dæmin sem Mast hefur fengið upplýsingar um sem valdið hafa skaða eru flestir um hunda sem eru skráðir. Ekki hefur farið fram sérstök lögreglurannsókn en samt í sumum tilfellum. Þorvaldur segist vita um hund sem var ungur og þurfti að gera ráðstafanir með vegna skapgerðagalla. Það áttu í hlut vant fólk. Hundurinn var sendur út aftur.

2. Stýrihópur frá skapgerðarmati

Sigríður Bílddal úr stýrihópi skapgerðarmats sagði frá skapgerðarmati félagsins. Hún segir að það vanti áhugasamt fólk til að vinna við mati. Mikilvægt sé að þeir sem bjóði sig fram eigi gott með að vinna í hóp því mikil samheldni ríkir innan hans. Sigríður hvetur stjórnir deilda að hafa samband við fólk innan þeirra deilda þar sem kröfur eru gerðar um skapgerðarmat. Ekki þýðir að auglýsa á vefsíðum deildanna heldur tilnefnda fólk og hringja. Jóna spyr hópinn hvort þau telji ekki mikilvægt að halda út skapgerðamatinu? Fólk var sammála því. Listi var látinn ganga og fólk hvatt til að skrá sig á fundinum.

3. Fréttir frá stjórn

- Flestar ræktunardeildir hafa haldið ársfund. Nokkrar deildir eiga eftir að skila ársskýrslum til stjórnar HRFÍ (helst á tölvutæku formi).

Ræktunardeild	fundur	ársskýrsla
Boxerdeild	22. apríl	
Cavalierdeild	17. mars	skilað
Chihuahuedeild	10. mars	skilað
Dífr	6. apríl	
Ensk cocker spanieldeild	27. mars	
Fjár- og hjarðhundadeild	19. mars	skilað
Fuglahundadeild	6. apríl	skilað
Grefil- og sporhundadeild	23. mars	
Írsk setterdeild	31. mars	skilað
Mjóhundadeild	21. mars	
Papillon og phalenedeild	3. mars	skilað
Pincher-, mastiff- og fjallahundadeild	9. mars	

Retrieverdeild	18.mars	
Schäferdeild	31. mars	skilað
Schnauzerdeild	7. maí	
Shih tzu deild	26. mars	skilað
Smáhundadeild	30. mars	
Spanieldeild	7. apríl	
Spitzhundadeild	28.mars	
Terrierdeild	16. apríl	
Tíbet spanieldeild	21. mars	skilað
Vorstehdeild	6. febrúar	skilað

Írþóttadeild	14. apríl	skilað
Unglingadeild	6. apríl	
Svæðafélag Norðurlands	24. mars	

- **Nýr samstarfssamningur var undirritaður þann 15. apríl sl. við VÍS/Agría dýravernd**
Formenn ræktunardeild fá aukalega 15% afslátt af öllum hundatryggingum
- **Búið er að skrifa undir leigusamning um reiðhöllina í Víðidal fyrir árin 2009, 2010 og 2011.**
- **Vorsýning HRFÍ 28. febrúar – 1. mars 2009.**

Þátttökumet var slegið á hundsýningu HRFÍ í reiðhöllinn í Víðidal dagana 28. febrúar og 1.mars 2009. **Alls voru skráðir 813 hundar til keppni af 91 hundategund.** Á föstudeginum 27. febrúar kepptu 38 ungir sýnendur um titilinn besti ungi sýnandinn. Þau eru á á aldrinum 10-13 og 14-17 ára. Dómarar að þessu sinni komu víða að en í þetta skipti tilkynntu 2 dómarar veikindi í vikunni fyrir sýningu þ.e. írski dómarinn Michael Forte og sænski dómarinn Dan Ericsson frá Svíþjóð. Í þeirra stað kom dómarinn Seamus Oates frá Írlandi, Siv Jarnhake frá Svíþjóð og Torunn Sørbye frá Noregi. Siv dæmði chihuahua, síðh. & snöggh., og tegundahóp 3 en Torunn dæmði Labrador retriever. Aðrir dómarar voru Frank Kane frá Englandi, Laurent Pichard frá Sviss og Hans Van Den Berg frá Hollandi. Steinar Balken frá Noregi dæmði unga sýnendur. Hundarnir sem sýndir voru á sýningunni voru allt frá 4 mánaða aldri en elsti hundur sýningarinnar var 17 ára silky terrier tík, Silfurskugga- Jasmine Amber í eigu Laufeyjar Sigurðardóttur og mun hún vera elsti hundur sem sýndur hefur verið á hundasýningu á Íslandi.

Sýningin var auglýst á föstudegi á baksíðu Fréttablaðsins og á útvarpsstöðinni Bylgjunni föstudag, laugardag og sunnudag. Auk þess fengum við ágætis kynningu á Bylgjunni í þættinum „Í bítíð“ á föstudeginum. Mynd af ungum sýnanda birtist á forsíðu Fréttablaðsins á laugardeginum. Eins og alltaf voru dómarar ánægðir með alla umgjörð sýningar og starfsfólkið, sem fékk mikið lof. Þökkugu þeir allir fyrir góðar móttökur og óskuðu þess allir að þeir yrðu boðnir aftur til að dæma fyrir okkur.

- **Fyrirlestur Frank Kane 2. mars**

Tæplega 100 manns sóttu fyrirlesturinn, sem haldinn var á 5. hæð í húsakynnum samstarfsaðila okkar VÍS Agría dýraverndar. VÍS bauð upp á kaffi og smákökur í hléi.

- **Ræktunarmarkmið fyrir íslenska fjárhundinn og skýringar með ræktunarmarkmiðinu**

Unnið er að breytingum/lagfæringum á ræktunarmarkmiði fyrir íslenska fjárhundinn.

Leitað var til dómaranna Kenneth Edh, Hans Áke Sperne og Guðrúnar R. Guðjohnsen til að aðstoða okkur við þessa vinnu. Fundur var á skrifstofu HRFÍ 23. -24. febrúar sl. Ofangreindir aðilar ásamt stjórn DÍF, formanni og varaformanni HRFÍ sátu fundinn þar sem farið var yfir tillögur dómaranna að breytingum. Stjórn DÍF ásamt Guðríði Valgeirsdóttur funduðu frekar um þessar tillögur og lögðu mikla vinnu í frekari leiðréttingar og breytingar til batnaðar. Tillögur þeirra voru sendar um miðjan apríl til dómaranna og er beðið viðbragða frá þeim. Stefnt er að því að ljúka vinnu við ræktunarmarkmiðið og skýringarnar í lok júní þegar Kenneth Edh og Hans Áke koma til landsins.

- **Starfsreglur fyrir Vinnuhundadeild**

Voru samþykktar á stjórnarfundum HRFÍ 25. mars sl. Þær eru birtar á vefsíðu HRFÍ.

- **Crufts**

Fulltrúi Íslands í keppni ungra sýnenda var stigahæsti ungi sýnandinn í eldri flokki 2008, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir. 36 keppendur frá jafnmörgum löndum tóku þátt. Fór keppnin fram á sunnudagsmorgni. Tilkynnt var um úrslit seinna um daginn í BIS hringnum. Okkar fulltrúi stóð sig mjög vel og gerði allt hnökralaust og náði inn í 10 manna úrslitin en ekki í sæti.

- **Hundafimi**

Vormót var haldið föstudaginn 17. apríl. Beðið er eftir upplýsingum um hver margir tóku þátt og úrslitum. Dómari var Ragnar Sigurjónsson.

- **Veðiþróf TH-7**

Haldin hafa verið fjögur þróf á vegum FHD þar af eitt á Akureyri. Eitt þróf var haldið á vegum Vorstehdeildar í apríl. Framundan eða tvær næstu helgar eru veðiþróf á vegum Írsk setterdeildar og FHD. Alhliðapróf verðu síðan á vegum Vostehdeildar í ágúst. Upplýsingar um veðiþróf og úrslit er hægt að nálgast á heimasíðu viðkomandi deilda.

- **Veðiþróf Retrieverdeildar**

Veðiþrófi í Hvammsvík 4. apríl 2009 var aflýst vegna ónógrar þátttöku (aðeins 2 skráningar) Veðiþróf var haldið á Akranesi laugardaginn 25. apríl. Halldór Garðar Björnsson dæmdi alla flokka en níu hundar voru skráðir í prófið. Aðeins þrjú hafa skráð sig í veðiþrófið n.k. sunnudag. Framundan eru tvö veðiþróf í maí, eitt í júní, eitt í júlí og tvö í ágúst.

- **Vinnuþróf**

Bronspróf var haldið 14. mars sl. í reiðhöll Gusts. Dómari var Björn Ólafsson Fjórir hundar mættu til í prófið. Tveir hundar fengu bronsmerki. Úrslit voru eftirfarandi:

1. Gunnarsholts Queen með 165 stig. Eigandi Anna Francesca.
2. Caty von Oxsalis með 133 stig. Eigandi Arna Rúnarsdóttir.

Hlýðniþróf 1 sem átti að vera 4. apríl n.k. fellt niður vegna ónógrar þátttöku.

Bronspróf og hlýðni 1 sem átti að vera á Selfossi 13. apríl var einnig fellt niður vegna ónógrar þátttöku.

Bronspróf var haldið 23. apríl í nýbyggingu við Kaupþún í Garðabæ. Dómari var Albert Steingrímsson Fimm voru skráðir í prófið og mættu allir, þrjú fengu bronsmerki.

Úrslit voru eftirfarandi:

- 1.sæti – Schäfer, Kolgrímu Blade Hólm (IS11688/08), eig. Gísli V. Gunnarsson, 146 stig.
2. sæti- Schäfer, Kolgrímu Blaze Hólm (IS11690/08), eig.Sigríður Halla Stefánsdóttir, 134 stig
- 3.sæti- Dvergschnauzer, svartur, Svartskeggs Dath Vader Frá Jackpot(IS10709/07), eig Ragnhildur Gísladóttir, 132 stig

Skráning er hafin í ódagsett bronsþróf sem og sporapróf sem fyrirhugað er að halda í lok maí.

- **Sámur**

Fyrsta blað í ritstjórn Auðar Sifjar fór í prentun á mánudaginn og ætti að berast félagsmönnum í vikunni

- **Breyting á starfsreglum ræktunardeilda**

Starfsreglur ræktunardeilda HRFÍ

III. Stjórn ræktunardeilda

Var:

6. Ársfundur ræktunardeildar skal halda í mars ár hvert. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á heimasíðu félagsins eða í Sámi. Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslu skilað til stjórnar HRFÍ.

Verður:

6. Ársfundur ræktunardeildar skal halda í mars ár hvert. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á heimasíðu félagsins eða í Sámi. Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Ræktunardeildir með eigin fjárhag s.s. vegna sýningaþjálfunar, reksturs vefsíðu, kaffisjóðs o.þ.h. skulu sækja um kennitölu fyrir viðkomandi ræktunardeild til Fyrirtækjaskrár og leggja fram rekstar- og efnahagsyfirlit á ársfundi deildarinnar. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslum skilað til stjórnar HRFÍ.

Þessi breyting þótti nauðsynleg þar sem flestar deildir eiga einhvern sjóð í banka sem óæskilegt er að sé á kennitölu einhvers stjórnarmanns m.t.t. skattskýrslu viðkomandi. Hægt er að sækja um úthlutun á kennitölu á eyðublaði frá RSK (RSK 17.01): „*Umsókn um skráningu og úthlutun á kennitölu til félaga, samtaka og annarra aðila sem ekki stunda atvinnurekstur*”

Skráningargjald er kr.5.000

Á stjórnarfundi Hundaræktarfélag Íslands þann 16. september sl. var samþykkt að bæta inn í Starfsreglur ræktunardeilda HRFÍ III. gr. lið 4: *“Ef félagsmaður í trúnaðarstörfum er kærður til siðanefnar ber honum að víkja úr öllum störfum fyrir félagið á meðan mál hans er til meðferðar hjá siðanefnd.,,*

Tillaga og ábending um að fella út ofangreinda breytingu bárust til stjórnar Hundaræktarfélag Íslands, sem var samþykkt á stjórnarfundi þann 15. apríl sl. Breytingin tók gildi strax.

Fyrir breytingu:

Í Starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ segir í III. gr. lið 4:

“Þeir sem sitja í stjórn ræktunardeilda og nefnda ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélag Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna. Ef félagsmaður í trúnaðarstörfum er kærður til siðanefnar ber honum að víkja úr öllum störfum fyrir félagið á meðan mál hans er til meðferðar hjá siðanefnd.,,

Eftir breytingu gildir eftirfarandi :

Í Starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ segir í III. gr. lið 4:

“Þeir sem sitja í stjórn ræktunardeilda og nefnda ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélag Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna.,,

• Papillondeild

Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni papillondeildar um nafnabreytingu á deildinni í papillon-og pahalenedeild.

• Fjár- og hjarðhundadeild

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt almennar reglur um Smalaeðlispróf og fjárhundapróf Hrfí. Stjórn deildarinnar lagfærði eyðublaðið „Smalaeðlispróf HRFÍ” til samræmingar við nýjar reglur.

Það helsta á döfinni:

Aðalfundur HRFÍ 13. maí n.k. í félagsheimili Fáks Víðidal

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ
3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil
6. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum liggja fyrir

7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Úr stjórn ganga:

Jóna Th. Viðarsdóttir	formaður
Gunnlaugur Valtýsson	meðstjórnandi og gjaldkeri
Margrét Kjartansdóttir	meðstjórnandi
Björn Ólafsson	varamaður

Í framboði í formannskjöri:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Í framboði í stjórnarkjöri:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir	meðstjórnandi/varamaður
Björn Ólafsson	meðstjórnandi
Guðbjörg Guðmundsdóttir	meðstjórnandi
Karen Gísladóttir	meðstjórnandi
Margrét Kjartansdóttir	meðstjórnandi
Valgerður Stefánsdóttir	varamaður

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

9. Kosning síðanefndar

10. Önnur mál

Það skal áréttað, samkvæmt lögum HRFÍ, að kosningarétt og kjörgengi hafa þeir sem greitt hafa félagsgjald sitt fyrir það ár sem aðalfundur er haldinn á, fimm virkum dögum fyrir aðalfund. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2009 voru sendir til félagsmanna í janúar.

Tillaga á aðalfund barst þann 21. apríl frá Guðríði Magnúsdóttur:

„Að boðið verði upp á utankjörfundarathvæðagreiðslu, vegna kostninga á Aðalfundi HRFÍ, og að tillagan fái frekari útfærslu hjá Stjórn HRFÍ.og henni verði komið á fyrir næsta aðalfund

greinagerð / þetta er félag allra hundaeigenda, eins og félagið segir sjálft og ekki eiga allir heimangengt til að geta nýtt athvæðarétt sinn, og í félagi sem ríkir á landsvísu þá á þetta að vera sjálfagt mál að koma þessu í framkvæmd hvort sem notast verði við netkostningar eða bréfastöðningar eða eitthvað betra”

Hundasýning í reiðhöllinni Víðidal Reykjavík 27.-28. júní 2009

Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 29. maí.

Dómarar: Tamas Jakkal frá Ungverjalandi, Svein Helgeson frá Noregi, Mark Houston-McMillan og Guy Jeavons frá Kanada, Christine Rossier-Feuz frá Sviss. Anna Francesca Rósudóttir dæmir unga sýndendur.

Afmælissýning HRFÍ í reiðhöllinni Víðidal - 40 ára afmæli Hundaræktarfélags Íslands Reykjavík 22.-23. ágúst 2009

Skráningarfrestur rennur út sunnudaginn 26. júlí 2009.

Verður sennilega boðið upp á tvær aðskildar sýningar. Nánar auglýst síðar.

Dómarar verða m.a.: Guðrún Guðjohnsen (Ísland), Sigríður Pétursdóttir (Ísland), Carl-Gunnar Stafberg (Svíþjóð), Jean Lanning (Bretlandi), Helle Dan Pálsson (Danmörku), Jörgen Hindse (Danmörku), Maria Petersen (Danmörku), Áke Cornander frá Svíþjóð og Auður Sif Sigurgeirsdóttir dæmir unga sýndendur.

Til gamans!

Þess má geta að Jean Lanning dæmi á fyrstu hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands sem haldin var 25. ágúst 1973. Jean þurfi að fá undanþágu til að dæma hér þar sem sýningin var ekki alþjóðlega viðurkennd. Það er því mikill heiður fyrir Hundaræktarfélag Íslands að fá hana til að dæma á afmælisýningu félagsins 36 árum seinna. Alls voru skráðir 60 hundar á sýninguna. Stærsti hópurinn voru íslenskir fjárhundar 23, púðlar 13, Collie-hundar 9 og aðrir voru af ýmsum tegundum.

Afmælisteymi

Ákveðið hefur verið að stofna afmælisteymi, sem hver deild verður að tilnefna a.m.k. einn fulltrúa í. Boðað er til fyrsta fundar þriðjudaginn 5. maí kl. 18 á skrifstofu HRFÍ. Á fyrsta fundi verður farið yfir hugmyndir deilda og gert gróft skipulag eða umgjörð utan um afmælið. Hugmynd af þema gæti t.d. verið *Velferð og heilbrigði hunda!*

Hugmyndir sem nú þegar hafa komið eru:

1. Hafa yfirheiti afmælisviku t.d. "Velferð og heilbrigði hunda", (endilega koma með fleiri hugmyndir).
2. Afmælið stendur yfir tímabilið 21.- 28. ágúst (eða 29.ágúst), þ.e. sýningarhelgin og vikan þar á eftir
3. Hafa afmælisýningu eins og áður hefur verið auglýst með uppákomum frá deildum, t.d. veiðipjálfun, hundafimi, gamnikeppni í e-u ofl.
4. Vera með viðburði á hverjum degi seinni part dags eftir sýninguna þ.e. mánudag - föstudags.
5. Virkja félagsmenn varðandi fræðslu. Nýta reynda ræktendur til að vera með fræðslu t.d. undirbúning fyrir got, umönnun hvolpa í gotkassa ofl.
6. Námskeið í snyrtingu og umhirðu hunda.
7. Kynning á pjálfun hunda t.d. í veiði
8. Kynning á hundategundum eða öðru tengt hundum
9. Fræðsla um sjúkdóma í hundum, heilbrigði hunda, ofl.
10. Enda afmælisvikuna á hátíð fyrir félagsmenn - út að borða á föstudagskvöldið eða laugardaginn 29. ágúst og hafa hundagöngu fyrr um daginn.
11. Ganga og gleði verður á þessu tímabili
12. Afmælisýning - unnin í samvinnu við sýningarstjórn - Hugmynd kom á fundinum

Alþjóðleg hundasýning í reiðhöllinni Víðidal Reykjavík 3.-4. október 2009

Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 4. september. Dómarar: Hans W. Müller frá Sviss, Kresten Scheel og Birte Scheel frá Danmörku, Henrik Johansson frá Svíþjóð, Sven Lövenkjær frá Danmörku og Norman Deschuymer frá Belgíu.

Augnskoðun í byrjun 8. -9. maí - Metþátttaka

Dýralæknirinn Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðar hunda í Sólheimakoti. 305 hundar eru nú þegar bókaðir. Búið er að bæta við tíma í augnskoðun og því laust pláss fyrir 10-20 hunda. Reynt var að fá annan dýralækni án árangurs en Finn samþykkti að láta bóka á sig fleiri hunda og byrja fyrr en venjulega. Skrifstofan verður lokuð föstudaginn 8. maí vegna augnskoðunar þar sem starfsmenn skrifstofu munu byrja vinnu við augnskoðun kl. 8:45.

Ræktunarnámskeið hjá Hans-Åke Sperne verður í Sólheimakoti 20. júní.

Boðið verður upp á bæði byrjenda og framhaldsnámskeið. Formenn eru beðnir um að hvetja stjórnarmenn í ræktunarráðum að skrá sig á námskeiðið hafi þeir ekki sótt námskeiðið áður.

Fyrirlestur í boði Royal Canin/Dýrheima S/F um skyndi- og áfallahjálp hunda

Fyrirlestur fyrir félagsmenn HRFÍ um skyndi- og áfallahjálp hunda verður í Gerðubergi föstudaginn 15. maí n.k. frá kl. 18:00 til 21:30. Fyrirlesturinn er í boði Royal Canin/Dýrheima ehf. Fyrirlesarar eru Isabelle Goy-Thollot dýralæknir og Katrin Oblikas.

Isabelle Goy-Thollot DVM: Útskrifaðist sem dýralæknir frá dýralæknaháskólanum í Alfort í Frakklandi árið 1989., lauk doktorsprófi í dýralækningum árið 1992 og vann við sama skóla á árunum 1989 og 1991 þar sem hún sérhæfði sig í gæludýrum. Árið 2000 stofnaði hún SIAMU við dýralæknaháskólann í Lyon, en það er sú deild sem annast gjörgæslu, bráðamóttöku og svæfingar dýra og lauk PhD prófi árið 2005. Í dag veitir hún bráðamóttökudeild skólans forstöðu jafnframt því

að stýra og bera ábyrgð á kennslu í neyðarmóttöku og gjörgæslu gæludýra.

Isabelle var forseti evrópsku samtakanna um neyðarmóttöku og gjörgæslu gæludýra (EVECCS) á árunum 2005 – 2008, á sæti í ritstjórnnum fjölmargra tímarita og dýralæknasamtaka í Frakklandi, en aðaláhugamál hennar eru fjölskyldan, lestur, gönguferðir og ferðalög.

Katrin Oblikas DVM: Útskrifaðist frá Landbúnaðarháskóla Eistlands 1993. Eftir að hafa starfað í nokkur ár á litilli stofu fór hún að vinna með Royal Canin í Eistlandi. Frá árinu 2007 hefur hún unnið sem svæðisstjóri í vísindalegum samskiptum fyrir austur og mið Evrópu.

Skráning fer fram á skrifstofu félagsins fyrir 11.maí 2009.

Fyrirlestrar í boði VÍS/Agria

Með samstarfi okkar við VÍS/Agria dýravernd fáum við ýmsar upplýsingar um heilbrigði hunda sem hjálpar okkur í ræktunarstarfi okkar. Kanadíski dýralækninn Brenda Bonnett kemur til landsins í byrjun júní og mun halda fyrirlesta fyrir ræktunardeildir í HRFÍ. Brenda Bonnett hefur unnið mjög áhugaverða greiningu á öllum helstu hundategundum í Svíþjóð. Hún hefur dregið saman þróun heilsufars og sjúkdóma tegundanna á árunum 1995 til 2002, en hún er sem stendur að uppfæra gagnagrunninn fram til 2005. Í skýrslum hennar sést þróun á milli ára hjá tegundum og hvernig þær koma út í samanburði. Með þessu er hægt með markvissum hætti að bregðast við óæskilegri þróun með ræktunarstarfi. VÍS/Agria er að vinna að því að koma á sama sjúkdómsgreiningarkerfi hér á landi og í framtíðinni stefnum við að því að geta tekið út sambærilegar greiningar um heilsufar hundategunda á Íslandi. Stefnum við að því að vinna þetta með Dýralæknafélagi Íslands.

NKU fundur verður haldinn í Reykjavík 21. ágúst n.k.

Önnur mál

Frá deildum

Auglýsing frá chihuahuedeild:

Deildin hefur útbúið sérstakt hundabingó sem er til leigu ef einhver hefur áhuga. Þetta er ekta hundabingó og hentar öllum deildum. Þeir sem hafa áhuga á að leigja bingóið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við stjórn deildarinnar.

Fuglahundadeild:

Hafa boðið upp á opið hús í allan vetur með fræðslu um sýningar, veiði ofl. Hægt er að nálgast upplýsingar á vefsíðu deildarinnar. Árleg rjúpnatalning fer fram 16. maí n.k. Deildin hefur boðið upp á sýningarþjálfun.

Rætt um slæma umgengni í Sólheimakoti.

Jóna ítrekaði að deildarformenn tjái sig og að komi með spurningar.

Varnar- og árásarþjálfun

Einn félagsmaður segist hafa verulegar áhyggjur að varnar- og árásarþjálfun hunda skaði ímynd hundahalds á Íslandi. Viðkomandi sagðist hafa séð í básnum sínum í Garðheimum tæki og tól sem notuð eru í varnar- og árásarþjálfun og það hafi ekki verið tegundinni til framdráttar. Viðkomandi er ósáttur við að annað félag hafi auglýst sig ásamt félagsmönnum sem eru í báðum félögum stæri sig af þeim tækjum og tólum sem notuð eru í slíkri þjálfun. Einnig finnst viðkomandi að þessi þróun sé ástæðan fyrir því að skapgerðarmatið sé lagt fyrir ákv. hundategundir hjá MAST því ósæskilegir eigendur sækja í þessar hundategundir.

Einn stjórnarmaður í stjórn HRFÍ sagðist vera sammála viðkomandi og formaður félagsins sagði að stjórn HRFÍ styddi ekki árásar- og varnarþjálfun. Sorglegt að vita til þess að aðilar innan HRFÍ séu að fikta við slíka þjálfun og byrja á öfugum enda. Hundarþjálfari hundaskóla sagði að slík þjálfun ætti ekki að eiga sér stað og mjög ströng skilyrði þurfi að uppfylla erlendis til að geta árásar- og varnarþjálfað hunda. Í fyrsta lagi þarf hundurinn að fara í gegnum mjög erfitt hlýðniþróf og strangar heilbrigðiskröfur. Síðan fer hundurinn í gegnum enn erfiðari hlýðniþróf. Í Svíþjóð þurfa leiðendur þessara hunda einnig að gangast undir ákveðið mat.

Mikil umræða var um árásar- og varnarþjálfun þar sem kom skýrt fram að fulltrúar deilda voru á móti slíkri þjálfun. Margir lýstu yfir áhyggjum vegna einstakra hundaeigenda á Íslandi sem eru að varnar- og árásaþjálfu hunda en slík þjálfun brýtur gegn hundasamþykktum flestra sveitarfélaga. Af gefnu tilefni var samþykkt að senda ályktun fulltrúaráðsfundar inn á aðalfund HRFÍ þess efnis að fulltrúar deilda séu á móti árásar- og varnarþjálfun og að félagar innan HRFÍ stundi ekki slíka þjálfun né slíkt fari fram á vegum félagsins. Ályktunin á að styðja við ályktun stjórnar HRFÍ sem lögð verður fram á aðalfundinum. Fulltrúar fulltrúaráðsfundar varar við þeim alvarlegu afleiðingum sem hlotist geta af þjálfun af þessu tagi. Ályktunin var samþykkt af öllum nema einum sem var hlutlaus og vill kynna sér málið betur.

Formaður félagsins þakkaði fyrir góðan og málefnalegan fund.

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði